Umsjón
Ingunn Ásdísardóttir



Karen Kunc: Við fossana, tréristina. Karen hlaut 1. verðlaun á sýningunni.

Graphica Atlantica

Alþjóðleg grafíksýning að Kjarvalsstöðum

Því er gjarnan þannig varið með stórar yfirlitssýningar, að manni finnst sumu ofaukið og að annað mætti fá meira pláss. Ekki síst þegar til þeirra er stofnað á jafn breiðum grundvelli og hér er gert. En sýningunni Graphica Atlantica, sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum er ætlað það hlutverk að gefa yfirlit yfir það sem er að gerast í grafíklistinni beggja vegna Norður-Atlantshafsins, auk þess sem henni er ætlað að verða grundvöllur umræðna og skoðanaskipta, eins og segir í inngangi Leslie Luebbers að sýningarskránni.


Það er sjálfsagt umdeilanlegt hvort sýningin uppfylli þau markmið, sem henni hafa verið sett. Ekki hafa borist tíðindi af því alþjóðlega listamannaþingi, sem hér var haldið í tengslum við sýninguna og þeim skoðanaskiptum sem þar fóru fram, og er það miður, því slík skoðanaskipti um hlutverk og stöðu grafíklistarinnar í upplýsingaþjóðfélagi nútímans ættu vissulega erindi til almennings.

Spurningin er hins vegar hvort sýning sem byggð er á jafn breiðum grundvelli og hér er gert gefi eins gott tilefni til umræðu og verið hefði ef markvissari aðferðum hefði verið beitt við val verka með tilliti til stöðu hins grafíska myndmáls í tæknisamfélagi nútímans.

Það er að sjálfsögðu auðveldur leikur að óska sér annarrar sýningar en hér er upp sett, en engu að síður er rétt að benda á að skipulag og undirbúningur sýningar á borð við þessa er vandaverk, sem þarf að hafa skýr markmið frá upphafi. Annars er hætt við að útkoman verði eins konar alþjóðlegur markaður, þar sem umræðan getur hæglega dottið niður í einhvern þjóðlegan meting eða yfirborðskenndar vangaveltur um „þjóðleg sérkenni".

Gamli og nýi heimurinn

Markmið þessarar sýningar er meðal annars að beina athyglinni að þeim gagnkvæmu áhrifum sem



Karin Broker: South: A Visit, æting.

átt hafa sér stað á milli gamla og nýja heimsins, á milli hinnar rótgrónu evrópsku hefðar annars vegar og þeirra fordómalausu viðhorfa og þeirrar fersku nýsköpunar, sem menn hafa fundið vestan hafs hins vegar.

Sýningin leiðir þetta að nokkru leyti í ljós, hvort sem það er fyrir meðvitað val eða ekki. Tvímælalaust hefði verið hægt að velja á þessa sýningu evrópska grafíklist sem einkenndist af ferskara myndmáli, er tæki meira mið af félagslegum og hugmyndalegum raunveruleika samtímans en væri um leið frjálsara undan hefðbundnu fagurfræðilegu gildismati. Þetta sýnir einfaldlega hversu hæpið getur verið að draga almennar ályktanir af samsýningum sem þessum.

Dæmi um þá fersku og fordómalausu myndsköpun, sem finna má í bandarísku sýningunni er vissulega að finna í tréristum listakonunnar Karen Kunc, sem úthlutað var 1. verðlaunum á þessari sýningu. Þetta eru ljóðrænar og kóloristískar tréristur í 4-5 litum, sem bera öll einkenni ferskrar og óbundinnar tjáningar. Hins vegar finnst mér sjálfum mun meira koma til ætinga Karin Broker frá Texas, sem sýna okkur mannamyndir sem unnar eru á kraftmikinn og áhrifaríkan hátt og bera öll einkenni hins bandaríska ferskleika.

Annar verðlaunahafi á þessari sýningu er Norðmaðurinn Yngve Næsheim, sem sýnir okkur svarthvítar tréristur, sem einnig bera nokkurn keim af þeim fordómalausu viðhorfum, sem eignuð eru bandarískra skólanum. Myndir hans eru bæði stærri í formati en algengt er um grafíkmyndir, og svo hefur hann gert sér lítið fyrir og klippt út og límt yfir eins og andinn bauð honum, þannig að ein myndin er að minnsta kosti „collage" að nokkru leyti. Næsheim er vel að verðlaununum kominn, því í myndum hans falla saman fordómalaus viðhorf og nýsköpun og hefðbundið gildismat sem rekja má beint aftur til evrópskra meistara á borð við Rembrandt og Munch.

Annað dæmi um áhrif „nýja heimsins" á þann gamla eru akvatintur Íslendingsins Jóns Óskars, sem reyndar virðast rótlausari í myndmáli sínu, en myndir hans eru engu að síður virðingarverðar tilraunir til nýsköpunar.


En hin gamla evrópska hefð á sér líka verðuga fulltrúa á þessari sýningu, og eru sumir þeirra reyndar gamalkunnir. Má þar til dæmis nefna Danana Palle Nielsen og Ole Sporring, Outi Heiskanen frá Finnlandi, Erik Heyninck frá Belgíu, sem sver sig í ætt við belgíska súrrealisma, Giuseppe Zigaina frá Ítalíu, Boris Jesih frá Júgóslavíu, Jacek Sroka frá Póllandi, Rolf Böttcher frá V-Þýskalandi og Pieter Holstein frá Hollandi.

Fróðlegt er að sjá verðlagningu myndanna á þessari sýningu. Verðlagningin segir okkur nokkuð um skilning listamannanna á hlutverki grafíklistarinnar. Viðurkenndir meistarar á borð við Palla Nielsen bjóða þarna dúkristur á 2000 krónur stykkið á meðan minni spámenn selja sig margfalt dýrara um leið og þeir tíunda nákvæmlega útgefinn eintakafjölda. Há verðlagning á grafík er venjulega réttlætt með takmörkuðum eintakafjölda, en spurningin er hins vegar sú hvort eintakafjöldinn hafi nokkur áhrif á listræn gæði myndarinnar þegar prenttækni er beitt.

Grafíkin var upphaflega ný aðferð til þess að koma myndlist á framfæri við fjöldann. Við skulum vona að hún verði það áfram en breytist ekki yfir í það að verða tilefni metings um það hvort nágranninn hafi möguleika eða efni á að hengja sams konar mynd upp á sinn stofuvegg. Það er á valdi listamannanna að sjá til þess að svo verði ekki.

Að lokum er vert að þakka aðstandendum fyrir þetta mikla framtak, sem ætti þrátt fyrir allt að geta orðið íslenskri grafík að lyftistöng.

– ólg.



Outi Heiskanen: Hesthús, æting.

Ástkæra, ylhýra...

Fyrirlestrar um vanda tungunnar

Fjórtán fyrirlestrar um vanda tungunnar sem haldnir voru á ráðstefnu Vísindafélags Íslendinga komnir út á bók

Nýlega kom út bók um íslenska tungu og er hún gefin út af Vísindafélagi Íslendinga í háskólanum. Nefnist bókin: Móðurmálið. Fjórtán erindi um vanda íslenskrar tungu á vorum dögum. Ólafur Halldórsson sá um útgáfuna.

Í apríl á síðasta ári gekkst Vísindafélagið fyrir ráðstefnu í Norræna húsinu um vanda íslenskrar tungu á vorum dögum. Voru á ráðstefnuna fengnir fyrirlesarar úr röðum fólks sem hefur náin kynni af stöðu málsins og þróun.

Móðurmálið. Fjórtán erindi... inniheldur fyrirlestra sem fluttir voru á ráðstefnunni, og eins og nafnið bendir til er þar fjallað um hinn ýmsa vanda sem að tungunni steðjar og hvaða ráðstafanir hægt sé að gera til að vernda tungumálið.

Bókin er 113 bls. og prentuð í Prentsmiðjunni Odda. **-ing**